

Greinargerð um íslensk mannanafnalög (10%)

Verkefnið er einstaklingsverkefni. **Athugið að þið getið ekki lokið áfanganum nema þið skilið þessu verkefni. ATH! Verkefni sem unnið er af spjallmenni, t.d. ChatGPT eða Copilot, fær einkunnina 0. Skil: 11. apríl í skilakassa á Moodle.**

Víða um heim eru í gildi reglur sem setja einhver takmörk á hvernig mannanöfn mega vera. [Íslensk mannanafnalög](#) hafa þótt vera með þeim ströngustu þótt þau hafi reyndar þróast í átt til minni miðstýringar á undanförunum árum. Verkefni ykkar er að gera grein fyrir íslenskum mannanafnalögum í stórum dráttum, segja frá breytingum sem gerðar voru á lögnum árið 2019 og hvers vegna þörf var á þeim, kynna ykkur gagnrýni sem löggin hafa fengið og mynda ykkur skoðun á því hvort þörf er á slíkum lögum um mannanöfn. **Munið að vera málefnaleg og rökstyðja skoðanir ykkar.**

Bygging:

Greinargerðin ætti að vera **5-7 efnisgreinar**. **Byggingin** þarf að vera **þrískipt** en það er **ekki formlegur inngangur** eða **lokaorð**. **Fyrsta efnisgrein hefst á inngangsorðum (1-3 málsgreinar)** þar sem efnið er kynnt. **Síðustu efnisgreininni lýkur á því að hnykkt er á niðurstöðunni (1-3 málsgreinar).**

- **Inngangsorð** að efninu þar sem það er kynnt. (1-3 málsgreinar, **ekki sérstök efnisgrein, ekki gera greinaskil á eftir inngangsorðum**). **Umfjöllunin** (næsti punktur hér að neðan) **kemur í beinu framhaldi af inngangsorðum**.
- **Umfjöllun:** Hér segið þið frá íslenskum mannanafnalögum í stórum dráttum en í **samfelldu mál, ekki í stikkorðastíl**.
 - a. Hvað felst í þeim? Þið þurfið sérstaklega að gera grein fyrir breytingum sem urðu á mannanafnalögum árið 2019 í tengslum við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/219.
 - b. Hver sér um að framfylgja mannanafnalögum? Hvernig tengjast löggin íslenskri málstefnu?
 - c. Mannanafnalög hafa orðið fyrir talsverðri gagnrýni á undanförunum árum. Kynnið ykkur hana og gerið grein fyrir í umfjöllun ykkar. Ef þið rekist á

meðmæli með lögnum er sjálfsagt að gera grein fyrir þeim líka.

d. Loks þurfið þið að velta fyrir ykkur kostum og göllum slíkra laga og mynda ykkur skoðun á því hvort þörf er á þeim. Þið þurfið að rökstyðja skoðun ykkar með málefnalegum hætti. ATH! Þið megið alveg komast að þeirri niðurstöðu að lögnum þurfi að halda en þeim þurfi að breyta annaðhvort til meira frelsis eða hafta. Þetta þarf ekki bara að vera spurning um hvort lögnum skuli haldið óbreyttum eða þeim hent. **Niðurstaðan** (næsti punktur hér að neðan) **kemur í beinu framhaldi af síðustu efnisgrein umfjöllunar.**

- **Niðurstaðan** ítrekuð í lokin. (1-3 málsgreinar, **ekki sérstök efnisgrein, ekki gera greinaskil** á undan niðurstöðunni.)
- Í allri umfjölluninni verðið þið að **nota heimildir, a.m.k. fjórar**, þ.m.t. lögin sjálf, **setja upp heimildaskrá** í lok umfjöllunar **og vísa í hana** inni í texta. Þið ættuð fyrst og fremst að **nota óbeinar tilvitnanir**.

Frágangur:

- **Ekki er þörf á forsíðu** en **setjið haus** á greinargerðina, þar sem koma fram **upplýsingar um skóla, önn og ár, áfanganúmer og nafn ykkar**. Hafa má hliðsjón af haus verkefnisins.
- Gefið greinargerðinni **viðeigandi titil**, sem passar umfjöllun ykkar. **Ekki nota heiti verkefnis, nýr texti þarf nýja fyrirsögn.**
- **Heimildaskrá** ætti að vera á **sérblaðsíðu**.
- Afritið textann og **setjið hann inn í leiðréttingarforrit**, s.s. [Skramba](#) eða [Málfríði](#) áður en skilað er. **Fáið jafnframt einhvern til þess að lesa textann** yfir þar sem **leiðréttingarforrit sjá ekki gloppur í texta.**
-

Frágangur:

- Hafið **lýsandi** fyrirsögn á textanum, **feitletrið** hana.
- Leturgerð: **Arial** eða **Times New Roman**
- Leturstærð: **12 eða 14 p.**
- Línubil: **1,5**
- Greinaskil: **Annaðhvort inndregin 1. lína eða auð lína**
- **Varist að eyrnamerkja skoðanir ykkar** með „mér finnst“ eða einhverju álíka.

- **Ekki skrifa í 2. persónu**, það er mjög **óformlegt**. Það má nota ýmis önnur fornöfn í staðinn, s.s. öll 3. persónu fornöfnin (hann, hán, hún, það) eða óákveðin fornöfn (t.d. allir, engir, fáir, sumir, sérhver). Oft fer líka betur á því að nota nafnorð (fólk, manneskjur/menn, stálp/kvár, stelpur/stúlkur/konur, strákar/drengir/karlar) frekar en fornöfn.

ATH! Á bókasafni VMA er starfrækt ritver og þið skuluð endilega nýta ykkur það ef spurningar vakna varðandi heimildavinnu eða framsetningu texta.